

# Egilsstaðaskóli

haustið 2020

Nokkur hagnýt atriði um skil á milli grunn- og framhaldsskóla



# Skilin milli grunn- og framhaldsskóla

---

Þó að nemendur hafi lokið mismiklu af námsefni kjarnagreina í grunnskóla geta allir nemendur hafið nám í framhaldsskóla að loknum 10. bekk.

Hluti nemenda þarf að taka undirbúningsáfanga til að ná þeim markmiðum sem sett eru í áföngum á stúdents- eða iðnbrautum, oft með því að innritast fyrst á framhaldsskólabraut sem getur leitt þau inn á stúdentsprófsbraut eða iðnnámsbraut.

Eitt megin markmið á elsta stigi að nemendur nýti þau tækifæri sem í boði eru til að tileinka sér vinnubrögð og færni í námi. Það er lykilatriði til þess að geta tekist á við nám á framhaldsskólastigi, hvort sem er í bóknámi eða iðn- og starfsnámi.

# 8. – 10. bekkur

---

Nemendur fara mismunandi hratt yfir námsefnið og eru þess vegna á mismunandi stöðum.

Áhersla er á að nemendur séu að vinna með efni sem hæfir getu þeirra og tileinki sér bæði góð vinnubrögð og færni.

Þegar nýjar námskrár tóku gildi fyrir grunn- og framhaldsskóla (2011) var hluti námsefnis á 1. ári í framhaldsskóla fært niður í grunnskólann. Það var að hluta til gert vegna styttingar framhaldsskólans í 3 ár.

Því er farið yfir meira efni í grunnskóla en áður var ( viðbótin samsvarar gömlu 103 áföngunum í frhsk.)

# Hvert liggur leiðin eftir útskrift úr 10. bekk?

---

Það er hægt að velja mismunandi leiðir þegar nemendur hafa lokið 10. bekk.

Margir nemendur úr Egilsstaðaskóla velja að hefja nám í framhaldsskólum í fjórðungnum. Náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum geta aðstoðað nemendur við val á áföngum.

Nemendur fara inn á mismunandi brautir eftir því hvaða árangri þeir ná í lok 10. bekkjar. Uppfylli nemendur ekki námskröfur brauta byrja þeir á framhaldsskólabraut.

## Fjölbreyttar leiðir

Einkunnir í 10. bekk stjórna því á hvaða braut og í hvaða áfanga nemendur fara við upphaf framhaldsskóla.

Framhaldsskólabraut 1

Framhaldsskólabraut 2 (í boði í ME)

Starfsbraut

Stúdentsprófsbrautir; yfirleitt á sviði náttúruvísinda, félagsgreina, tungumála og listgreina (mismunandi eftir skólum) / Iðnnámsbrautir (framboð mismunandi)

## Framhaldsskólabraut 1

Nemendur sem fá D í kjarnagreinum (íslensku/stærðfræði) fer líklega á Framhaldsskólabraut 1.

Á þeirri braut eru upprifjunaráfangar í kjarnagreinum til að styrkja undirstöðu í námsgreinunum.

Nemandi getur lokið framhaldsskólaprófi sem er 90 – 120 einingar / 2 – 4 annir.

# Framhaldsskólabraut 2 \*\*

Nemendur sem fá C eða C+ í kjarnagreinum (íslensku/stærðfræði) fara líklega á Framhaldsskólabraut 2 (\*\* í boði í ME)

- Geta líka verið í áföngum sem eru á stúdentsbrautum samhliða hafi einkunnir í fögum í 10.bekk verið B eða hærrí.

Á Framhaldsskólabraut 2 eru upprifjunaráfangar í kjarnagreinum til að styrkja undirstöðu í námsgreinunum.

Nemandi getur lokið framhaldsskólaprófi en líka farið áfram inn á stúdentsprófsbraut / í starfs-/ iðnnám þegar hann hefur náð undirbúningsáfangna í viðkomandi námsgrein.

# Starfsbraut

Nemendur sem hafa skilgreinda fötlun eða greiningar, sem sýna fram á þörf fyrir aukinn stuðning, fara á starfsbraut.

Á starfsbraut fá nemendur stuðning og eru í einstaklingsmiðuðu námi.

Nemendur á starfsbraut geta bæði lokið framhaldsskólaprófi og stúdentsprófi.



# Stúdentspróf

Hægt er að velja mismunandi áherslur í námi til stúdentsprófs. Helstu leiðir eru á brautir sem hafa áherslu á:

- stærðfræði og náttúrugreinar

- tungumál

- félagsgreinar

- listgreinar (sköpun, leiklist, dans, tónlist – fer eftir skólum hvað er í boði)

- Brautirnar greinast yfirleitt á línur þar sem meiri sérhæfing fer fram.

Í Menntaskólanum á Egilsstöðum er boðið upp á þrjár námsleiðir til stúdentsprófs:

- Listnámsbraut
- Náttúruvísindabraut
- Félagsgreinabraut
- Tónlistarbraut (samstarf við Tónlistarskólann á Egilsstöðum)

Þessar brautir hafa svo mismunandi línur sem nemendur velja s.s. tæknilínu, málalínu, íþróttalínu, hönnunarlínu, heilbrigðislínu, verkfræðilínu.

# Iðn- og starfsnám

Í Verkmenntaskólanum í Neskaupstað er bæði boðið upp á iðn- og starfsnám og bóknám á stúdentsprófsbrautum.

Félagsvísindabraut

Náttúruvísindabraut

Nýsköpunar- og tæknibraut

Opin stúdentsbraut

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina

Húsasmíði

Grunnbraut hársnyrtiiðna

Hársnyrtinám

Grunnnám málm- og véltæknigreina / vélvirkjun

Grunnnám rafiðna

Rafvirkjun

Vélstjórnarnám

750kW vélavörður

Vélstjórn B stig

Fiskeldisbraut

Sjúkraliðanám

Fjölmargar námsleiðir eru í boði í iðn- og starfsnámi sem kennt er í mörgum framhaldsskólum á landinu starfsnám.

---

**Dæmi:**

---

**Upplýsingatækni, bifvélavirkjun, fataiðngreinar, pípulagnir, múraraíðn, dúalögn, málun ... flugvirkjun, bókbænd, grafísk miðlun o.m.fl.**